

**65. þing Sundsambands Íslands  
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL  
27. apríl 2023**

**Þingskjal nr: 2023 – 09**

Tillaga frá stjórn SSÍ fyrir sundþing 2023:

**65. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 27.apríl 2023** samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2023 - 2024 verði með eftirfarandi hætti. Breytingin tekur gildi í ágúst 2023.

**1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum**

- a. Þjónustugjald sundiðkenda frá 7 ára aldri verður kr. 2.500. - Sundiðkandi eru allir sem skráðir eru í viðkomandi sundfélag og æfar reglulega í lengur en 6 vikur í senn. Sundfélögum ber að skrá alla iðkendur sína samkvæmt ofangreindri skilgreiningu í „Sportabler“
- b. Keppendur á mótum sem skráð eru í „í Swim ranking“ greiða auk þess kr. 7.000.- fyrir keppnispassa sem gefur þeim heimild til að taka þátt í mótum sem skráð eru í atburðadagatal SSÍ.
- c. SSÍ mun innheimta stungugjöld af öllum mótum sínum og verður gjald fyrir hverja stungu 900 kr. Sama gjald er innheimt fyrir einstaklingssund og boðsund. Þau mót sem um ræðir eru: ÍM50, ÍM25, Bikar, AMÍ og SMÍ.
- d. Stungugjöld á RIG og IMOC verða 1.200. Sama gjald er innheimt fyrir einstaklingssund og boðsund.
- e. Garpar greiða ekki fyrir keppnispassa enda takmarkað magn móta sem þeir geta keppt á.
- f. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að þjónustugjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2024 og 2025. Ekki má hækka þjónustugjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- g. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að keppnispassi sundiðkenda hækki 1.janúar 2024 og 2025. Ekki má hækka keppnispassa umfram kostnaðarhækkunar.
- h. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.
- i. Sundþing felur stórn SSÍ að ákvarða hækkunar/lækkunar á stungufjöldum eftir þörfum hverju sinni.

**2) Gjöld vegna annarra Sundiþróttar**

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundiþróttar skapist aðstæður til slíks.

**Greinargerð:**

Þarna er um mikla breytingu að ræða frá fyrra fyrirkomulagi. Þessi hugmynd er unnin út frá því sem gerist í löndunum í kringum okkur og til að mæta auknum kostnaði við mótahald en jafnframt til að hvetja félögin til að skrá alla sína reglulegu iðkendur sem hluta af SSÍ og auk þar með veg og vægi sundiþróttarinnar innan íþrótt aflórunnar á Íslandi. Ef þessi tillaga verður

**65. þing Sundsambands Íslands**  
**ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL**  
**27. apríl 2023**

**Þingskjal nr: 2023 – 09**

---

samþykkt gefur sundþing einni stjórn til að breyta reglugerðarákvæðum í takt við þessar breytingar